



Ársskýrsla

2017

Mennta- og menningarmálaráðherra



Sterkt menntakerfi er forsenda framfara og á árinu 2017 hófst stórsókn í menntamállum. Það er eitt brýnasta velferðarmál okkar til framtíðar að tryggja að hér á landi hafi fólk aðgang að gæðamenntun á öllum skólastigum sem mætir sem best þörfum samfélagsins og atvinnulífsins hverju sinni. Meðal megináherslna í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar eru nýsköpun og rannsóknir, jöfn tækifæri og þróttmikið efnahagslíf en þeir þættir tengjast allir uppbyggingu og þróun öflugs menntakerfis. Eitt af fyrstu verkum núverandi ríkisstjórnar í lok síðasta árs var að leggja fram fjárlagafrumvarp sem tryggði aukin fjárframlög til samfélagslegra verkefna, alls um 55 milljarða króna. Aukin framlög til menntamála endurspeglu viljann til að horfa til framtíðar og tryggja atvinnusköpun í landinu sem hvílir á hugviti og þekkingarsköpun þjóðarinnar, landsmönnum til hagsbóta á komandi tímum.

Snar þáttur í uppbyggingu menntakerfisins er að efla læsi hér á landi. Árið 2017 héldum við áfram læsisátakinu Þjóðarsáttmála um læsi og í fyrsta sinn voru teknar saman og birtar áreiðanlegar upplýsingar um stöðu og framfarir allra grunnskólanemenda í lestri. Aukin fjárframlög á árinu til framhaldsskóla- og háskólastigsins miða að því að efla gæði menntunar og styrkja fjölbreytta starfsemi menntastofnana í landinu. Vinna hófst einnig við endurskoðun laga um opinbera háskóla í samráði við hagsmunaaðila, þar sem meðal annars er litið til gæðamála og alþjóðlegra skuldbindinga um viðurkenningu á menntun og hæfi. Þá er einnig hafin endurskoðun á reglugerð um inntak menntunar leik-, grunn- og framhaldsskólakennara og verkefni er miðar að eflingu kennaramenntunar til framtíðar.

Aðgengi að menningu er einn mikilvægasti þáttur þess að lifa í frjálsu samfélagi. Leiðarstef stjórnvalda þar er og verður að tryggja fjölbreytni í íslensku menningarlífi og gott aðgengi almennings að list- og menningarviðburðum. Mikilvægur liður í núgildandi menningarstefnu er áherslan á jöfn tækifæri og aðgengi barna og unglinga og náðist góður árangur í þeirri viðleitni, t.d. með verkefninu List fyrir alla sem færði menningarviðburði inn í grunnskóla á landsbyggðinni og stóran hluta skóla á höfuðborgarsvæðinu.

Á sinn hátt snerta málefna svið mennta- og menningarmálaráðuneytisins öll heimili í landinu. Aðgerðir í mennta- og menningarmálum miða meðal annars að því að auka gæði og skilvirkni þeirrar þjónustu sem stofnanir á vegum ráðuneytisins veita. Með aukinni samvinnu og gagnsæi er stuðlað að betri nýtingu opinbers fjár og yfirsýn sem aftur á móti styður áframhaldandi stefnumótun.

Lilja Alfreðsdóttir

mennta- og menningarmálaráðherra

Bent er á að ársskýrslur ráðherra eru birtar með fyrirvara þar sem ríkisreikningur ársins lá ekki fyrir við gerð þeirra. Mögulegt er að fjárhæðir muni breytast lítillega við lokafrágang ríkisreiknings og verða skýrslurnar uppfærðar eftir því sem við á.

Í ársskýrslum ráðherra eru niðurstöður sýndar sem gjöld að fráregnum rekstrartekjum. Hins vegar eru uppgjörstölur í frumvarpi til fjárlaga birtar með þeim hætti að afskriftir ársins eru dregnar frá útgjöldum málefna sviða og málaflokka og fjárfestingum ársins bætt við, en með því fæst skýrari samanburður við fjárheimildir samkvæmt fjárlögum.

Samantekt um starfsemi ráðuneytis

Hlutverk mennta- og menningarmálaráðuneytis er að stuðla að öfluglu menningarlífi og mennta- og vísindastarfsemi til að auka lífsgæði fólks í landinu. Stjórnarmálefni sem ráðuneytið ber ábyrgð á eru menntamál, rannsóknar- og vísindastarfsemi, listir og menningarstarf, fjölmiðlar, íþróttamál og æskulýðsstarfsemi. Í kjölfar breytinga sem gerðar voru á skipulagi og starfsemi ráðuneytisins árið 2016 hefur stefnumótunar- og eftirlitshlutverk þess eflst.

Lög um opinber fjármál voru samþykkt í lok desember 2015 og tóku gildi 1. janúar 2016, árið sem frumvarp til fjárlaga 2017 var lagt fram. Lögin fela í sér meiri stjórnkerfisbreytingar í opinberri áætlanagerð en sést hefur í áratugi en með henni er árangursstjórnun fest í sessi. Árið 2017 litaðist starfsemi ráðuneytisins og undirstofnana af þessu þar sem breytingarnar kalla á nýtt verklag í mörgum stórum verkefnum. Ánægjulegt er hversu vel sú vinna fór af stað og núna má sjá vísbendingar um ávinning í betri yfirsýn, auknu gagnsæi og bættum árangursmælingum. Ársskýrsla ráðherra 2017 gegnir lykilhlutverki í þessu samhengi, þetta er í fyrsta sinn sem hún er lögð fram en tilgangurinn með henni er að fyrir liggi heildstæð samantekt á þróun útgjalda og mat á árangri af ráðstöfun þeirra m.t.t. settra markmiða og aðgerða.

Árið 2017 var um margt sérstakt í mennta- og menningarmálaráðuneytinu þar sem þrír ráðherrar styrðu ráðuneytinu á því tímabili. Sökum þessa urðu stefnubreytingar í mörgum verkefnum á vegum ráðuneytisins sem kallaði á ný viðmið og markmiðasetningu og ný verkefni bættust við.

Viðamikil verkefni ársins á sviði menntamála tengdust m.a. menntastefnunni menntun fyrir alla, breytingum á samræmdum könnunarprófum í grunnskólum, nýjum námsmatskvarða fyrir grunnskóla og nýrri máltækniáætlun. Áfram var haldið með læsisátakið Þjóðarsáttmála um læsi og á vettvangi mennta-, æskulýðs- og íþróttamála var m.a. unnið að nýrri bókmenningarstefnu og markmiðasetningu frístundastarfs.


Rekstur málaflokka ráðuneytisins var í góðu jafnvægi á árinu 2017 og var enginn málaflökkanna með neikvæða stöðu á árinu þegar horft er til stöðu fjárheimilda ársins á undan. Hlutdeild mennta- og menningarmálaráðuneytisins af heildarútgjöldum ríkisins var um það bil 12,7% eða 85 milljarðar króna árið 2017. Framlög ríkissjóðs til málefnasviða ráðuneytisins, eins og þau koma fyrir í fjárlögum, hækkuðu frá 2016 um 4,1% og munar þar mestu um hækkan til háskóla og framhaldsskóla.

Tafla 0

Raunútgjöld málefnasviða mennta- og menningarmálaráðuneytis árið 2017

| Málaefnasvið | Raunútgjöld |
|---|-------------|
| Nýsköpun, rannsóknir og markaðsmál | 4.511,7 |
| Menning og listir | 9.907,3 |
| Fjölmiðlun, íþróttar- og æskulýðsmál | 5.196,4 |
| Framhaldsskólastig | 27.667,0 |
| Háskólastig | 33.308,4 |
| Önnur skólastig og stjórnsýsla mennta- og menningarmála | 4.449,5 |
| Alls | 85.040,3 |

Framhaldsskólastig og háskólastig voru umfangsmest í starfsemi ráðuneytisins á árinu. Háskólastigið eitt og sér tók til sín 39% af heildarútgjöldum. Auk þess rann stór skerfur af útgjöldum til nýsköpunar og rannsókna óbeint til háskóla í gegnum sjóði á því málefnasviði. Framhaldsskólastigið átti 33% hlutdeild í heildarútgjöldum ársins. Hlutur menningar og lista af útgjöldum var 12% og fjölmiðlunar, íþróttar- og æskulýðsmála var 6%, þar sem rekstur Ríkisútvarpsins ohf. vó þyngst.

Tafla 1**Rekstrargjöld og fjárfestingar málefnasviða mennta- og menningarmálaráðuneytis 2017****Raunútgjöld málefnasviða (m.kr.)
Rekstrargjöld og fjárfestingar**

| | |
|---|----------|
| ■ Nýsköpun, rannsóknir og markaðsmál | 4.511,7 |
| ■ Menning og listir | 9.907,3 |
| ■ Fjölmiðlun, íþróttar- og æskulýðsmál | 5.196,4 |
| ■ Framhaldsskólastig | 27.667,0 |
| ■ Háskólastig | 33.308,4 |
| ■ Önnur skólastig og stjórnsýsla mennta- og menningarmála | 4.449,5 |

Alls voru 106 fjárlagaliðir á ábyrgð ráðuneytisins fjárlagaárið 2017. Þar af voru 52 stofnanir en aðrir fjárlagaliðir, s.s. sjóðir, safnliðir og varasjóðir voru 54. Verkefni þeirra liða skiptast á 16 málaflokka á sex málefnasviðum.

Málefнасvið

Starfsemi á ábyrgð ráðuneytisins er nú skipt niður á málefnasvið. Árið 2017 heyrði öll starfsemi á málefnasviðum 19 Fjölmíðlun, íþrótt- og æskulýðsmál, 20 Framhaldsskólastig, 21 Háskólastig og 22 Önnur skólastig og stjórnslá mennta- og menningarmála undir ráðuneytið. Meginhluti starfsemi á málefnasviði 18 Menning og listir heyrði einnig undir ráðuneytið og hluti af starfsemi í málaflokki 7.1 Samkeppnissjóðir í rannsóknum á málefnasviði 7 Nýsköpun, rannsóknir og markaðsmál. Í eftirfarandi umfjöllun er stuttlega gerð grein fyrir stöðu málefnasviða árið 2017 út frá málaflokkum á málefnasviðunum.

Tafla 2 sýnir rekstrarniðurstöðu málaflokka, bæði innan ársins 2017 og að teknu tilliti til stöðu fjárheimilda frá fyrri árum. Í henni er að finna rekstrarútgjöld að undanskildum útgjöldum vegna fjárfestinga. Í fyrsta dálki eru raunútgjöld, þ.e. gjöld að frádregnum sértekjum sem stofnanir afla sér. Í næsta dálki eru til samanburðar sýnd áætluð útgjöld ársins en fjárveitingar taka mið af þeim áætlunum sem stofnanirnar leggja fram. Síðan er sýnt frávik raungjalda frá áætlun

og hversu stórt frávik er hlutfallslega. Mínustala í þessum dálkum þýðir að reksturinn var innan áætlunar en plús þýðir að halli var á rekstrinum. Næstu tveir dálkar sýna stöðu fjárheimilda frá fyrri ári og hlutfall þeirra af raunútgjöldum yfirstandandi árs. Plústala í þessum dálki þýðir að málaflokkurinn tekur með sér upphæðina frá fyrri ári til viðbótar við frávik sem myndast innan ársins.

Heildarútgjöld fyrir árið 2017 voru 83,1 mia.kr. Vert er að benda á að í töflu 1 eru heildarútgjöld 1.975 m.kr. hærri en inni í þeirri töflu eru fjárfestingar ársins 2017 teknar með. Rekstrarfjárheimildir á tímabilinu voru alls 83,5 mia.kr. sem þýðir að staða rekstrarfjárheimilda á tímabilinu var jákvæð um 432 m.kr. eða um 0,5% af útgjaldaheimildum.

Samanlögð staða fjárveitinga frá árinu 2016 var jákvæð um 3.215 m.kr. Heildarstaða fjárveitinga, þ.e. fjárveitinga ársins og fjárveitinga frá fyrri árum var jákvæð um 3.647 m.kr. Af 52 stofnunum ráðuneytisins voru 44 þeirra með jákvæða stöðu fjárveitinga við lok ársins.

Tafla 2 Rekstur – málefnasvið sundurliðuð á málaflokka

| Málaflokkar | Raun | Áætlun ársins | Frávik innan ársins | Frávik % | Flutt frá fyrri ári | Uppsafn frávik | Frávik % |
|---|---------------|---------------|---------------------|--------------|---------------------|----------------|-------------|
| 07 Nýsköpun, rannsóknir og markaðsmál | 4.512 | 4.539 | -28 | -0,6% | 1.006 | -1.033 | -23% |
| 0710 Samkeppnissjóðir í rannsóknum | 4.512 | 4.539 | -28 | -0,6% | 1.006 | -1.033 | -23% |
| 18 Menning og listir | 9.657 | 9.773 | -117 | -1,2% | 365 | -481 | -5% |
| 1810 Safnamál | 2.733 | 2.818 | -85 | -3,0% | 59 | -143 | -5% |
| 1820 Menningarstofnanir | 3.809 | 3.934 | -125 | -3,2% | 79 | -204 | -5% |
| 1830 Menningarsjóðir | 3.115 | 3.021 | 93 | 3,1% | 227 | -134 | -4% |
| 19 Fjölmíðlun, íþrótt- og æskulýðsmál | 5.196 | 5.205 | -9 | -0,2% | 11 | -20 | 0 |
| 1910 Fjölmíðlun | 4.187 | 4.180 | 7 | 0,2% | 9 | -3 | 0% |
| 1920 Íþrótt- og æskulýðsmál | 1.010 | 1.025 | -15 | -1,5% | 2 | -17 | -2% |
| 20 Framhaldsskólastig | 27.440 | 28.501 | -1.062 | -3,7% | 178 | -1.240 | 0 |
| 2010 Framhaldsskólar | 26.147 | 27.092 | -945 | -3,5% | 182 | -1.127 | -4% |
| 2020 Tónlistarfræðsla | 537 | 537 | 0 | 0,0% | 0 | 0 | 0% |
| 2030 Vinnustaðanám og styrkir | 223 | 245 | -22 | -8,8% | -4 | -18 | -7% |
| 2040 Jöfnun námskostnaðar | 533 | 628 | -95 | -15,1% | 0 | -95 | -15% |
| 21 Háskólastig | 31.831 | 30.925 | 906 | 2,9% | 1.702 | -796 | -3% |
| 2110 Háskólar | 21.961 | 21.057 | 905 | 4,3% | 1.537 | -632 | -3% |
| 2120 Rannsóknastarfsemi á háskólastigi | 1.902 | 1.902 | -0 | 0,0% | 167 | -167 | -9% |
| 2130 Stuðningur við námsmenn | 7.967 | 7.966 | 1 | 0,0% | -2 | 3 | 0% |
| 22 Önnur skólastig og stjórnslá mennta- og menningarmála | 4.430 | 4.554 | -124 | -2,7% | -47 | -77 | -2% |
| 2210 Leikskóla- og grunnskólastig | 243 | 284 | -41 | -14,5% | 1 | -42 | -15% |
| 2220 Framhaldsfræðsla og menntun óflokkuð á skólastig | 1.921 | 1.928 | -7 | -0,4% | -3 | -4 | 0% |
| 2230 Stjórnslá mennta- og menningarmála | 2.266 | 2.341 | -75 | -3,2% | -44 | -31 | -1% |

Af töflunni má sjá að enginn málaflokkur ráðuneytisins er með neikvæða stöðu fjárheimilda að teknu tilliti til stöðu fjárheimilda frá fyrra ári.

Sé horft til rekstrar málaflokka innan ársins voru það aðallega tveir flokkar sem voru með neikvæða stöðu. Halli háskólastigsins var upp á 905 m.kr. en átti inni frá fyrra ári 1.537 m.kr. Þannig að niðurstaða ársins var jákvæð um 3% af áætlun. Taka verður þessum tölum með fyrirvara þar sem unnið er að breytingum á framsetningu fjárfestingaframlaga og hefur það sérstaklega áhrif á rekstrarniðurstöðu Háskóla Íslands. Háskóli Íslands, sem er langstærsti liðurinn undir þessum málaflokki, skilaði t.a.m. 462 m.kr. afgangi. Í raun var rekstrarafgangur innan ársins ríflega 700 m.kr. og voru allar háskólastofnanir fyrir utan Háskólann á Hólum reknar með afgangi. Nánar má sjá stöðu einstakra stofnana og liða í kafla 4.3 sem sýnir yfirlit yfir frávik allra liða innan hvers málaflokks.

Nefna má að staða framhaldsskólastigsins var jákvæð um 945 m.kr. innan ársins og uppsafnað jákvætt frávik var 1,1 ma.kr. eftir árið. Af jákvæðu frávikum innan ársins má rekja um 500 m.kr. til reksturs u.þ.b. 20 opinberra framhaldsskóla, eins og nánar má sjá í yfirliti yfir stöðu einstakra liða í kafla 4.3 Frávikagreining og yfirlit árslokastöðu ríkisaðila sem falla undir málaflokkinn.

Í málaflokki 7.1 Samkeppnissjóðir í rannsóknnum er jákvætt frávik 23%. Skýringin er að markáætlun á sviði vísinda og tækni fær fjárveitingu á hverju ári en aðeins er úthlutað úr sjóðnum á þriggja ára fresti. Framlagið er uppsafnað og myndar jákvæða niðurstöðu ársins.

Ýmiss konar skýringar kunna að vera á frávikum milli fjárheimilda til rekstrar, eins og þær birtast í áætlunum, og raunútgjalda. Nánara yfirlit yfir stöðu einstakra liða og stofnana er að finna í kafla 4.3 Frávikagreining og yfirlit árslokastöðu ríkisaðila sem falla undir málaflokkinn.

Málaflokkar

Starfsemi í sautján málaflokkum á sex málefnasviðum heyrðu undir ráðuneytið 2017. Í eftirfarandi umfjöllun er farið yfir hvern málaflokk fyrir sig. Uppbygging umfjöllunar:

- 1. Markmið málaflokks** er/ú sett fram út frá meginmarkmiði sem er í upphafi umfjöllunar um viðkomandi málaflokk. Val á markmiði/-um er mjög stuttlega rökstutt.
- 2. Árangursmæling** á því hvernig miðaði árið 2017 að ná hverju markmiði er birt í töflu. Árangur miðast við viðmið sem sett er/ú á gefnum mælikvarða/-kvörðum. Til glöggvunar má einnig sjá nýjstu stöðu, sé hún til.
- 3. Aðgerð/-ir** sem líklegust/-astar er/ú talin/-dar til ná hverju markmiði er/ú birt/ar í töflu ásamt upplýsingum um hve langur tími er áætlaður í hana/þær. Sá hluti framkvæmdar sem farið var í árið 2017 er tiltekinn og litir gefa til kynna hversu langt viðkomandi aðgerð er komin.

| |
|------------------------|
| Aðgerð lokið |
| Aðgerð komin vel á veg |
| Aðgerð hafin |
| Undirbúningur hafinn |
| Aðgerð ekki hafin |

- 4. Skýring/ar** við markmið, mælikvarða eða aðgerð/ir er/ú í einhverjum tilfellum sett/ar fram, neðan við töflur.

Um þróun markmiða og árangursmælinga

Frá því fjárlög 2017 voru samþykkt á Alþingi hefur framsetning á greinargerðum með fjármálaáætlun að vori og fjárlögum að hausti tekið miklum breytingum. Innihald hefur einnig breyst; eftir atvikum markmið, mælikvarðar eða aðgerðir. Breytingarnar má fyrst og fremst sjá í greinargerðum með fjármálaáætlunum fyrir árin 2018-2022 og 2019-2023. Þær má m.a. rekja til sáttmála ríkisstjórnar, áherslna ráðherra, álitu þeirra nefnda Alþingis sem fengu tillögur að þingsályktunum um fjármálaáætlanir til umfjöllunar og ábendinga frá stofnunum og lögaðilum sem skila ráðuneytinu stefnumiðuðum áætlunum fyrir starfsemi sína, sbr. 31. gr. Stefnumótun [sic] ríkisaðila í A-hluta til þriggja ára.

Umfjöllun um ávinning af ráðstöfun fjármuna

18 Menning og listir

Meginhluti starfsemi á málefnasviðinu var á ábyrgð ráðuneytisins en verkefni voru einnig á hendi forsætisráðuneytisins.

Vakin er athygli á því að íþrótt- og æskulýðsmál eru nú málaflokkur á þessu málefnasviði en árið 2017 voru þau hluti af málefnasviði 19 Fjölmíðlun, íþrótt- og æskulýðsmál.

18.1 Safnamál

Í fjárlögum ársins 2017 voru skilgreind þrjú markmið fyrir málaflokk 18.1 Safnamál. Eftirfarandi markmið málaflokksins miða að því að auðvelda landsmönnum að njóta menningar og lista og stuðla að verndun menningar- og náttúru-minja.

Markmið 1: Bæta aðgengi að og miðlun á menningu og listum. Gott aðgengi að og miðlun á menningu og listum er nauðsynleg forsenda þess að söfn og menningarstofnanir geti gegnt hlutverki sínu með fullum sóma.

Markmið 2: Efla vernd á menningararfi þjóðarinnar í samræmi við alþjóðlegar kröfur svo varðveisla hans til framtíðar verði eins vel tryggð og kostur er.

Markmið 3: Efla rannsóknir og skráningu til að stofnanir geti sem best sinnt hlutverki sínu til framtíðar.

Markmið 1: Bæta aðgengi að og miðlun á menningu og listum

| Mælikvarðar | Staða 2015 | Viðmið 2017 | Árangur 2017 |
|---|--|---|--------------------------------|
| Fjöldi heimsóknna í söfn landsins | 1.700.000; 830.000 frá Íslendingum og 865.0000 frá erlendum gestum | 2.000.000; 900.000 frá Íslendingum og 1.100.000 frá erlendum gestum | *Upplýsingar liggja ekki fyrir |
| Framboð menningarsögulegs efnis á stafrænu formi | | Upplýsingar um framboð efnis liggja fyrir á árinu | Upplýsingar liggja fyrir |

| Árabil aðgerðar | Aðgerð | Framkvæmt 2017 |
|-----------------|--|---|
| 2017-2019 | Stuðla að auknu samstarfi og/eða sameiningu safna í samráði við hagsmunaaðila og gera nauðsynlegar lagabreytingar til þess. | Greinargerð og tillögur um mögulegar sameiningar safna í ríkiseigu liggja fyrir. Ákvarðanir um aðgerðir hafa ekki verið teknar. |
| 2017 | Skilgreina mælikvarða um framboð menningarsögulegs efnis á stafrænu formi og setja viðmið. | Upplýsingar liggja fyrir og viðmið hafa verið sett. |

*Upplýsingar um fjölda heimsóknna í söfn landsins árið 2015 eru frá Hagstofu Íslands. Tölur um fjölda heimsóknna í söfn landsins árið 2017 liggja ekki fyrir þar.

Markmið 2: Efla vernd á menningararfi þjóðarinnar í samræmi við alþjóðlegar kröfur

| Mælikvarðar | Staða 2016 | Viðmið 2017 | Árangur 2017 |
|---|------------|-------------|--------------|
| Fjöldi safna með öryggis- og neyðaráætlanir (viðurkenning Safnaráðs) | 45 | 46 | 46 |

| Árabil aðgerðar | Aðgerð 2017 | Framkvæmt 2017 |
|-----------------|--|--|
| 2017-2019 | Greina stöðu og þarfir fyrir húsnæði og búnað og gera áætlun um uppbyggingu. | Greining á stöðu og þörfum fyrir húsnæði til varðveislu safneigna hafin. |
| 2017-2019 | Fjölga skráningum safnmuna í Sarp með markvissum áherslum í úthlutunum styrktarsjóða. | Aukin áhersla á verkefni tengd skráningum safnmuna. |

Markmið 3: Efla rannsóknir og skráningu

| Mælikvarðar | Staða | Viðmið 2017 | Árangur 2017 |
|--|--|--|---|
| Fjöldi safnmuna sem hefur verið skráður í Sarp | 2016: 1.301.498 | 1.351.498 | *1.711.692 |
| Gögn og munir úr rannsóknum 1990-2015 skili sér til lögbundinna vörsluaðila | 2015: Allir gripir úr 99 rannsóknum, hluti gripa úr 25 rannsóknum. Gripir úr 48 rannsóknum eru geymdir hjá rannsóknaraðila | Skil úr eldri rannsóknum verði 75-80% | *Aukin skil á gögnum og munum úr eldri rannsóknum |
| Árabil aðgerðar | Aðgerð | Framkvæmt 2017 | |
| 2017-2020 | Styrkja sjálfstæðar rannsóknir safna. | Aukin áhersla á rannsóknarverkefni við úthlutanir úr safnasjóði. | |

*Aukning skráninga í Sarp var verulega umfram viðmið og má m.a. rekja árangurinn til átaks sem miðar að hraðari skilum á gögnum og munum til lögbundinna vörsluaðila.

18.2 Menningarstofnanir

Í fjárlögum ársins 2017 voru skilgreind þrjú markmið fyrir málaflökk 18.2 Menningarstofnanir. Eftirfarandi markmið málaflökksins miða að því að auðvelda landsmönnum að njóta menningar og lista og stuðla að verndun menningar- og náttúruminja.

Markmið 1: Bæta verndun og aðgengi að menningu og listum. Gott aðgengi að menningu og listum er nauðsynleg forsenda þess að söfn og menningarstofnanir geti gegnt hlutverki sínu með fullum sóma.

Markmið 2: Fleiri landsmenn njóti menningar og lista. Landsmenn, án tillits til t.d. uppruna, kyns, aldurs eða búsetu, eiga að hafa tækifæri til að njóta lista og menningar.

Markmið 1: Bæta verndun og aðgengi að menningu og listum

| Mælikvarðar | Viðmið 2017 | Árangur 2017 |
|---|--|-------------------------------|
| Ánægjuvög: Upplýsingar um aðsókn að menningarstofnunum og gæði þjónustu þeirra | Mælikvarði skilgreindur | *Horfið frá notkun mælikvarða |
| Skráning fornleifa og fjöldi friðlýstra húsa | Fer eftir stöðu sem verður reiknuð fyrir árið 2016 | Staðan liggur fyrir |

| Árabil aðgerðar | Aðgerð | Framkvæmt 2017 |
|-----------------|---|---|
| 2017-2020 | Greina stöðu og þörf menningarstofnana fyrir húsnæði og búnað og gera áætlun um uppbyggingu. | Aðgerð ekki hafin. |
| 2017-2018 | Ánægjuvög: Útfæra og hrinda í framkvæmd könnun á þjónustu menningarstofnana og nýtingu hennar. | Vinna var hafin við kortlagningu upplýsinga sem ánægjuvög skyldi mæla. |
| 2017-2018 | Skilgreina mælikvarða og setja viðmið í samráði við hagsmunaaðila. | Vinna hafin við skilgreiningu á efnisþáttum sem ætti að leggja til grundvallar. |

*Leitað hefur verið samstarfs við Hagstofu Íslands um að skilgreina mælikvarða til notkunar við könnun á menningarneyslu Íslendinga.

Markmið 2: Fleiri landsmenn njóti menningar og lista

| Mælikvarðar | Viðmið 2017 | Árangur 2017 |
|--|--|--|
| Fjöldi skipulagðra viðburða fyrir börn og ungmenni á vegum menningarstofnana og „List fyrir alla“ greind eftir búsetu | Upplýsingar um fjölda viðburða munu liggja fyrir á árinu | „List fyrir alla“: 12/36 skólar í Reykjavík, 131/131 skólar á landsbyggðinni |

| Árabil aðgerðar | Aðgerð | Framkvæmt 2017 |
|-----------------|---|---|
| 2017-2020 | Boðið verður upp á listviðburði í öllum grunnskólum landsins sem og í menningarhúsum víða um land. | Verkefni á vegum „Listar fyrir alla“ í nær öllum grunnskólum landsins. |
| 2017-2018 | Skilgreina mælikvarða og setja viðmið í samráði við hagsmunaaðila. | Vinna hafin við skilgreiningu á efnisþáttum sem ætti að leggja til grundvallar. |

18.3 Menningarsjóðir

Úthlutun á fjárveitingum í gegnum sjóði eða samninga vegna stuðnings við einstök verkefni miða að því að auðvelda öllum landsmönnum að njóta menningar og lista, bæta aðstöðu til menningar- og listastarfsemi í landinu, stuðla að verndun menningar- og náttúruminja og menningararfleifð þjóðarinnar

fyrir komandi kynslóðir og tryggja jafnvægi verndunar og aðgengis fyrir almenning að menningararfi þjóðarinnar.

Árið 2017 voru markmið og aðgerðir í öðrum málaflokkum að hluta til leiðandi fyrir úthlutanir úr sjóðum.

19 Fjölmiðlun, íþróttá- og æskulýðsmál

Vakin er athygli á því að íþróttá- og æskulýðsmál voru málaflokkur á þessu málefna sviði árið 2017 en eru nú hluti af málefna sviði 18 Menning, listir, íþróttá- og æskulýðsmál.

19.1 Fjölmiðlun

Í fjárlögum ársins 2017 voru skilgreind þrjú markmið fyrir málaflokk 19.1 Fjölmiðlun. Eftirfarandi markmið málaflokksins miða að því að stuðla að tjáningarfrelsi, rétti til upplýsinga, fjölmiðlalæsi, fjölbreytni og fjölræði í fjölmiðlum sem og að efla vernd neytenda á þeim vettvangi.

Markmið 1: Auka frelsi og fjölbreytni á fjölmiðlamarkaði. Aukið frelsi og fjölbreytni á fjölmiðlamarkaði er nauðsynlegt í lýðræðissamfélögum enda gegna fjölmiðlar þar mikilvægu hlutverki.

Markmið 2: Auka innlenda dagskrárgerð og framboð af íslensku barna- og menningarefni. Aukið framboð af íslensku efni samrýmist m.a. íslenskri mál- og menningarstefnu og eflir íslenska kvikmyndagerð.

Markmið 1: Auka frelsi og fjölbreytni á fjölmiðlamarkaði

| Mælikvarðar | Staða 2015 | Viðmið 2017 | Árangur 2017 |
|--|--------------------------|---|---------------------------|
| Fjöldi leyfisskyldra og skráðra fjölmiðla | Leyfi 42, skráningar 150 | 0-5% aukning nýrra aðila á fjölmiðlamarkaði | *Leyfi 42, skráningar 110 |

| Árabil aðgerðar | Aðgerð | Framkvæmt 2017 |
|-----------------|---|--|
| 2017-2019 | Einfalda skráningar, leyfisveitingar og eftirlit með fjölmiðlum með lagabreytingum. | **Endurskoðun laganna er ekki lokið. |
| 2017-2019 | Fylgjast með markvissum hætti með fjölbreytni og eignarhaldi á fjölmiðlamarkaði . | Upplýsingar um tegundir fjölmiðla og eignarhald birtast á vef Fjölmiðlanefndar og í ársskýrslu hennar. |
| 2017-2019 | Kanna möguleika á samstarfi/sameiningu fjölmiðlanefndar við aðrar eftirlitsstofnanir , í samráði við hagsmunaaðila. | Horfið var frá sameiningu eftirlitsstofnana, a.m.k. að sinni. |
| 2017-2019 | Endurskoða lög um fjölmiðla nr. 38/2011 vegna breytinga á tilskipun Evrópusambandsins (ESB) um fjölmiðla, tækniþróunar og annarra aðgerða. | **Unnið var að greiningu á helstu ákvæðum og atriðum sem mögulega þarf að breyta. |

*Fjöldi fjölmiðla sem hafa leyfi til útsendinga hefur ekki breyst en skráðum fjölmiðlum, einkum prentmiðlum, hefur fækkað.

**Hafinn var undirbúningur að endurskoðun fjölmiðlalaga en honum svo slegið á frest meðan beðið var ákvörðunar ESB um breytingar á tilskipun 2010/13/ESB um hljóð- og myndmiðla sem mun kalla á breytingar á lögnum.

Markmið 2: Auka innlenda dagskrárgerð og framboð af íslensku barna- og menningarefni

| Mælikvarðar | Staða 2015 | Viðmið 2017 | Árangur 2017 |
|--|------------|-------------|--------------|
| Hlutfall innlestrar dagskrárgerðar í Ríkisútvarpinu – sjónvarpi | 39% | 42% | *45% |

| Árabil aðgerðar | Aðgerð 2017 | Framkvæmt 2017 |
|-----------------|---|--|
| 2017-2019 | Meðframleiðsla, framleiðsla og kaup Ríkisútvarpsins – sjónvarps á íslensku barna- og menningarefni og innlendu efni frá sjálfstæðum framleiðendum. | Aukin innlend dagskrárgerð og kaup á efni frá sjálfstæðum framleiðendum eru tiltekin í samningi við Ríkisútvarpið um fjölmiðlaþjónustu í almannabágu með gildistíma 2016-2018. |

*Markmiði um aukna innlenda dagskrárgerð var náð og gott betur.

19.2 Íþrótt- og æskulýðsmál

Í fjárlögum ársins 2017 voru skilgreind þrjú markmið fyrir málaflók 19.2 Íþrótt- og æskulýðsmál. Eftirfarandi markmið málaflöksins miða að því að allir landsmenn eigi þess kost að iðka íþróttir við sem hagstæðust skilyrði og styðja börn og ungmenni til þátttöku í æskulýðsstarfi.

Markmið 1: Bæta umgjörð og efla gæði í skipulögðu íþrótt- og æskulýðsstarfi. Mikilvægt er að allir hafi gott aðgengi að íþrótt- og æskulýðsstarfi. Rannsóknir sýna t.d. fram á mikilvægi þessa starfs með tilliti til forvarna.

Markmið 2: Efla umgjörð og stuðning við afreksíþróttafólk svo hægt sé að standa fyrir sambærilegu afreksstarfi og í nágrenni löndum Íslands. Íslenskt afreksíþróttafólk eru góðar fyrirmyndir.

Markmið 1: Bæta umgjörð og efla gæði í skipulögðu íþrótt- og æskulýðsstarfi

| Mælikvarðar | Staða 2015 | Viðmið 2017 | Raun 2017 |
|---|---------------------------------------|--|---|
| Fjöldi skráðra iðkenda í skipulögðu íþróttastarfi | 93.514; 55.689 karlar og 37.825 konur | 136.000 | *99.8822; konur 40.489 og karlar 59.333 |
| Fjöldi skráðra þátttakenda í skipulögðu æskulýðsstarfi | | Upplýsingar um fjölda munu liggja fyrir á árinu 2017 | **Mælikvarða breytt |
| Fjöldi menntaðra íþrótt- fræðinga , íþróttakennara og tómsundafræðinga sem starfa innan íþrótt- og æskulýðshreyfingarinnar | | Fer eftir stöðu sem verður reiknuð fyrir árið 2016 | ***Horfið frá notkun mælikvarða |

Fjöldi þátttakenda á þjálfara- og leiðtoganámskeiðum á vegum íþrótta- og æskulýðshreyfingarinnar

Fer eftir stöðu sem verður reiknuð fyrir árið 2016

**Mælikvarða breytt

| Árabil aðgerðar | Aðgerð 2017 | Framkvæmt 2017 |
|-----------------|--|--|
| 2017-2019 | Íþróttsamtök skili reglulega tölum um iðkendur í íþrótta- og tólmundastarfi | Lagður grunnur að því að samtök skili tölum árlega |
| 2017 | Styrkja enn frekar rekstur heildarsamtaka í íþrótta- og tólmundastarfi með auknum framlögum | Heildarrámi fjárframlaga styrktur |
| 2017 | Æskulýðsfélög skili reglulega tölum um þátttakendur og fjölda á leiðtoganámskeiðum | Lagður grunnur að því að félög skili tölum árlega |
| 2017-2019 | Skilgreina mælikvarða og setja viðmið í samráði við hagsmunaaðila | Undirbúningur hafinn |

*Þegar sett var viðmið um skráða iðkendur í skipulögðu íþrótta- og tólmundastarfi var byggt á fyrirbyggjandi tölum frá Íþróttsambandi Íslands, fyrir árið 2015, um 133.000 iðkendur. Tölurnar voru hins vegar leiðréttar síðar.

**Mælikvörðum vegna skráðra þátttakenda í æskulýðsstarfi og fjölda á leiðtoganámskeiðum var breytt og því var upplýsinga um stöðu fyrir árið 2017 ekki aflað.

***Fallið var frá mælikvarða um fjölda menntaðra íþróttafræðinga, íþróttafólk og tólmundastarfa þar sem mannabreytingar eru mjög miklar frá ári til árs.

Markmið 2: Efla umgjörð og stuðning við afreksíþróttafólk

| Mælikvarðar | Viðmið 2017 | Árangur 2017 |
|---|---|---|
| Fjöldi íþróttaamanna á Ólympíuleikum og lokamótum alþjóðlegra stórmóta | Fer eftir stöðu sem verður reiknuð fyrir árin 2013-2015 | 2013-2015: 676; 228 konur og 448 karlar |

| Árabil aðgerðar | Aðgerð 2017 | Framkvæmt 2017 |
|-----------------|--|--|
| 2017-2019 | Auka fjármagn til afrekssjóðs og sérsambanda ÍSÍ. | Gerður var samningur um aukin framlög í afrekssjóð til 2019 og reglum um umgjörð hans breytt í kjölfarið |
| 2017 | Gera lyfjaeftirlit að sjálfstæðri einingu. | Undirbúið að gera Lyfjaeftirlit að sjálfseignarstofnun |

20 Framhaldsskólastig

20.1 Framhaldsskólar

Í fjárlögum ársins 2017 voru skilgreind þrjú markmið fyrir málaflokk 20.1 Framhaldsskólar. Eftirfarandi markmið málaflokksins miða að því að nemendur verði virkir og ábyrgir borgarar í lýðræðisþjóðfélagi að loknu námi á framhaldsskólastigi. Þeir verði einnig vel undirbúnir undir fræðilegt og starfstengt háskólanám eða til þátttöku í atvinnulífinu.

Markmið 1: Fleiri nemendur ljúki prófi úr framhaldsskóla á tilskildum tíma. Bætt námsframvinda gefur nemendum kost á að hefja vegferð sína fyrir að settu marki og stuðlar að betri nýtingu fjármuna, t.d. til að auka þjónustu við nemendur og efla gæði náms. Fleiri útskrifaðir framhaldsskólanemendur hækka menntunarstig þjóðarinnar.

Markmið 2: Nemendur í öllum landshlutum hafi aðgengi að fjölbreyttu bók- og starfsnámi sem uppfyllir kröfur næsta skólastigs og/eða atvinnulífs. Mikilvægt er að aðgangur nemenda að gæðanámi og fullnægjandi stoðþjónustu sé greiður og nám sé skipulagt með þeim hætti að nemendur geti stundað það því sem næst óháð búsetu.

Markmið 3: Auka framboð á staðfestu, heildstæðu og markvissu starfsnámi. Starfnám er virkt hreyfiafl nýsköpunar í samfélaginu og því er mikilvægt að fjölga nemendum sem ljúka starfsnámi um leið og gætt er að því að gæði og þróun starfsmenntunar verði takt við þarfir atvinnulífsins.

Markmið 1: Fleiri nemendur ljúki prófi úr framhaldsskóla á tilskildum tíma

| Mælikvarðar | Staða | Viðmið 2017 | Árangur 2017 |
|--|--------------|---------------------------------------|--------------------|
| Hlutfall brautskráðra nemenda af bók- og starfsnámsbrautum (námslok á 2. og 3. hæfniprepi), miðað við tilskilinn námstíma | 2011: 44% | 55% | 2016: 55,2% |
| Hlutfall nemenda sem hverfa brott úr námi , innan tilskilins námstíma | 2011: 30% | 25% | 2016: 24,9% |
| Meðalnámstími á námsleiðum til stúdentsprófs, frá innritun nýnema til brautskráningar | 2013: 4,2 ár | Meðalnámstíminn verði styttri en 2013 | *Mælikvarða breytt |

| Árabil aðgerðar | Aðgerð | Framkvæmt 2017 |
|-----------------|---|--|
| 2017-2018 | Skima fyrir brothvarfi meðal nýnema til að kortleggja áhættuþætti. Fela skólum að gera aðgerðaráætlun á grundvelli niðurstaðna . Útbúa upplýsingaefni sem nýst getur öllum framhaldsskólum | Skimunarpróf lögð fyrir. Í lok árs var beðið eftir stöðuskýrslu frá Menntamálastofnun sem heldur utan um skimunarverkefnið |

*Mælikvarða um meðalnámstíma var breytt og því var upplýsinga fyrir árið 2017 ekki aflað. Nú verður miðgildi námstíma mælt.

Markmið 2: Nemendur í öllum landshlutum hafi aðgengi að fjölbreyttu bók- og starfsnámi sem uppfyllir kröfur næsta skólastigs og/eða atvinnulífs

| Mælikvarðar | Viðmið 2017 | Árangur 2017 |
|--|--|-------------------------------------|
| Hlutfall innritaðra nemenda í löggiltu iðnnámi sem lýkur með sveinsprófi, eftir landshlutum | Staðan verður reiknuð fyrir árið 2016 og í framhaldi skilgreind viðmið | *Mælikvarða breytt |
| Hlutfall kennara með sérhæfingu á því greinasviði sem þeir kenna, eftir landshlutum | Staðan verður reiknuð fyrir árið 2016 og í framhaldi skilgreind viðmið | **Horfðið var frá notkun mælikvarða |
| Hlutfall nýnema í háskólum af heildarfjölda stúdenta, eftir landshlutum | Staðan verður reiknuð fyrir árið 2016 og í framhaldi skilgreind viðmið | ***Mælikvarða breytt |

| Árabil aðgerðar | Aðgerð | Framkvæmt 2017 |
|-----------------|---|---|
| 2017 | Endurskoða reiknilíkan í samvinnu við hagsmunaaðila | Unnið var að þróun líkansins, m.a. að fjárveitingar byggja á þjónustuframlagi og útskriftarframlagi |
| 2017 | Stuðla að samvinnu framhaldsskóla á Norðausturlandi um námsframboð, stoðþjónustu og stjórnslu með skipulögðu samstarfsverkefni | Samningur var gerður við verkefnisstjóra sem hélt utan um samvinnu skólanna |
| 2017-2018 | Skilgreina mælikvarða og setja viðmið í samráði við hagsmunaaðila | Starfsmaður verkefna ráðinn til að þróa tölfræðimælingar og mælikvarða |

*Mælikvarða um innritaða nemendur í löggiltu iðnnámi var breytt og því var upplýsinga fyrir árið 2017 ekki aflað. Nú tekur hann til skráðra nemenda í starfsnámi, eftir kyni.

**Mælikvarði um hlutfall kennara með sérhæfingu var felldur brott og því var upplýsinga fyrir árið 2017 ekki aflað. Unnið er að því að greina tölulegar upplýsingar í kortlagningu framhaldsskólakerfisins.

***Mælikvarða um hlutfall nýnema í háskólum af heildarfjölda stúdenta var breytt og því var upplýsinga fyrir árið 2017 ekki aflað. Nú nær hann til nýnema yngri en 25 ára og er kyngreindur.

Markmið 3: Auka framboð á staðfestu, heildstæðu og markvissu starfsnámi

| Mælikvarðar | Staða | Viðmið 2017 | Árangur 2017 |
|--|---------|--|--------------------------------------|
| Fjöldi staðfesta starfsnámsbrauta á 2., 3. og 4. hæfniprepi, flokkaðar eftir starfssviðum | 2016: 1 | Staðfestar brautir á öllum 12 starfssviðum | *Brautir á 5 starfssviðum staðfestar |
| Fjöldi rafrænna ferlibóka í starfsnámi | 2015: 0 | 5 | **0 |
| Hlutfall nemenda á námssamningi af fjölda nemenda í löggiltu iðnnámi, greint eftir kyni | | Fer eftir stöðu 2016 | 82,5%; 70% kvenna og 86,4% karla |

| Árabil aðgerðar | Aðgerð | Framkvæmt 2017 |
|-----------------|--|---|
| 2017 | Endurskoða starfsnámsbrautalýsingar og skila þeim í staðfestingarferli | Hrint var af stað átaki til að staðfesta bæði bók- og starfsnámsbrautir |
| 2017-2021 | Vinna að skipulagi rafrænna ferlibóka og notkun þeirra í samvinnu við hagsmunaaðila | Skipaður stýrihópur og verkefnishópur sem hefur umsjón með samstarfi við hagsmunaaðila. Unnið var að þróun kerfisins og faglegu innihaldi |
| 2017-2020 | Skipuleggja starfsnám á grundvelli úttekta á framkvæmd og gæðum þess á vinnustöðum, í samráði við hagsmunaaðila | Aðgerðin varð hluti af aðgerð um rafrænar ferlibækur |

*Ferli við staðfestingu starfsnámsbrauta reyndist flóknara en gert var ráð fyrir og hýsing námskrárgrunns lá niðri um mánaðarskeið.

**Fjölgun rafrænna ferlibóka hefur gengið hægar en gert var ráð fyrir vegna ríkrar áherslu á aðkomu hagsmunaaðila.

20.2 Tónlistarfræðsla

Undir málaflokkinn falla lög um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985, þau taka til tónlistarskóla sem reknir eru af sveitarfélögum og annarra sem njóta styrks skv. lögnum.

Ríkissjóður greiddi árlegt framlag í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga í samræmi við samkomulag ríkis og sveitarfélaga um fjárhagslegan stuðning ríkisins við tónlistarnám á vegum sveitarfélaga á framhaldsstigi í hljóðfærleik og mið- og framhaldsstigi í söng.

20.3 Vinnustaðanám og styrkir

Undir málaflokkinn falla lög um vinnustaðanámssjóð nr. 71/2012. Styrkir eru veittir til fyrirtækja og stofnana vegna vinnustaðanáms og starfsþjálfunar sem er skilgreindur

hluti af starfsnámi. Styrkjunum er ætlað að auðvelda nemendum að ljúka starfsnámi og koma til móts við kostnað fyrirtækja og stofnana á vinnustað.

Árið 2017 voru markmið og aðgerðir í málaflokki 20.1 Framhaldsskólar leiðandi fyrir úthlutun styrkja.

20.4 Jöfnun námskostnaðar

Undir málaflokkinn falla lög um námsstyrki nr. 79/2003. Skv. ákvæðum laganna eru námsstyrkir veittir til jöfnunar á fjárhagslegum aðstöðumun nemenda í framhaldsskólum að því leyti sem búseta veldur þeim misþungum fjárhagsbyrðum eða efnaleysi torveldar þeim nám.

21 Háskólastig

Stofnaður var sérstakur starfshópur um mælikvarða í háskóla- og vísindastarfi, með aðkomu háskóla og vann hann að því að skilgreina nýja og endurbætta mælikvarða. Af þessari ástæðu var árangur af markmiðasetningu fyrir starfsemi háskóla árið 2017 lítt mældur. Í nágildandi fjármálaáætlun, fyrir árin 2019-2023, var ákveðið var að breyta markmiðum fyrir háskóla, m.a. til að taka tillit til athugasemda og einnig til að markmiðin fönguðu betur öll þrjú hlutverka háskóla, þ.e. kennslu, rannsóknir og tengsl við samfélagið. Samhliða breyttust mælikvarðar.

21.1 Háskólar

Í fjárlögum ársins 2017 voru skilgreind þrjú markmið fyrir málaflökk 21.1 Háskólar. Eftirfarandi markmið málaflökksins miða að því að stuðla að sköpun og miðlun þekkingar og færni til nemenda og samfélagsins alls. Starf háskóla miðar að því að styrkja innviði íslensks samfélags og stöðu þess í alþjóðlegu tilliti með hagsmuni komandi kynslóða að leiðarljósi. Háskólar eru miðstöðvar þekkingar og hluti af alþjóðlegu mennta- og vísindasamfélagi. Háskólar mennta nemendur og búa þá undir að gegna störfum sem krefjast fræðilegra vinnubragna, þekkingar og færni og undirbúa þá til ábyrgðar þátttöku í lýðræðisþjóðfélagi. Menntun sem háskólar veita tekur mið af þörfum samfélagsins hverju sinni og er bæði fræðilegs eðlis og starfsmiðuð.

Markmið 1: Aukin gæði í háskólastarfsemi. Mikilvægt er að háskólanám nýtist nemendum sem best til virkar þátttöku í atvinnulífi og samfélagi og að það sé í takt við þarfir atvinnulífs og samfélags. Háskólar þurfa að laða að sér hæft fólk og rannsóknarstarf á m.a. að stuðla að aukinni færni samfélagsins til að takast á við samfélagslegar áskoranir og nýsköpun.

Markmið 2: Skilvirkara háskólakerfi í góðum tengslum við samfélag, önnur skólastig og atvinnulíf. Öflugt háskólastarf er ein af undirstöðum kraftmikils og fjölbreytts efnahagslífs, stöðugleika og velferðar í samfélaginu. Byggja þarf og treysta brýr á milli háskóla og atvinnulífs til að efla samstarf um hag- nýtingu þekkingar (þ.m.t. á öðrum skólastigum) og til að námsframboð styðji við þróttmikið atvinnulíf. Enn fremur þarf að stuðla að góðu aðgengi að endurmenntun á háskólastigi til að styrkja faglega þróun fólks á vinnumarkaði samhliða breyttum þörfum samfélagsins.

Markmið 3: Bæta kennaramenntun og stuðla að aukinni nýliðun kennara í leik-, grunn- og framhaldsskólum. Hækkandi meðalaldur starfandi kennara og brotthvarf úr kennarastétt ógnar gæðum skólustarfs og menntun nemenda. Aukin gæði í kennaramenntun geta stuðlað að fjölgun kennaranema og þar með hækkað líkur á aukinni nýliðun kennara í skólum.

Markmið 1: Aukin gæði í háskólastarfsemi

| Mælikvarðar | Staða 2015 | Viðmið 2017 | Árangur 2017 |
|---|-----------------------------|-------------|--------------------------------|
| Fjöldi ársnemenda á hvert ársverk akademískra starfsmanna, eftir skólum | Meðaltal var 11,9; 4,4-18,5 | <15 | *Upplýsingar liggja ekki fyrir |
| Meðalfjöldi birtinga í ISI tímaritum á hvert ársverk akademískra starfsmanna | 1,1 | 1,1 | *Upplýsingar liggja ekki fyrir |

| Árabil aðgerðar | Aðgerð | Framkvæmt 2017 |
|-----------------|--|--|
| 2017-2018 | Skilgreina mælikvarða og setja viðmið í samráði við háskóla og rannsóknarstofnanir. Taka upp og innleiða upplýsingakerfi um rannsóknir (CRIS). | Stofnaður starfshópur með háskólum um skilgreiningu mælikvarða og viðmið fyrir háskóla og rannsóknir. Vinnu við útboðsgögn fyrir CRIS nær fulllokið. |
| 2017 | Áætla hvernig auka megi fjármögnun á hvern nemanda í háskólum og hvernig útdeiling fjárveitinga geti eftt gæði í starfsemi háskóla. Samráð við hagsmunaaðila og Vísinda- og tækniráð. | Hafin endurskoðun á reglum um fjárveitingar til háskóla nr. 646/1999 (reiknilíkan). Ráðuneyti og háskólar heimsóttu ráðuneyti á Norðurlöndunum til að kynna sér fyrirkomulag fjárveitinga þar. |

| | | |
|-----------|--|--|
| 2017-2020 | Uppbygging Húss íslenskra fræða. | Endurskoðun á hönnun hússins lokið. |
| 2017 | Endurskoða lög um háskóla nr. 63/2006 og lög um opinbera háskóla nr. 85/2008, m.a. út frá gæðamálum og alþjóðlegum skuldbindingum um viðurkenningu á menntun og hæfi. Samráð við hagsmunaaðila. | Teknar saman ábendingar sem hafa borist frá háskólum og öðrum hagaðilum á undanförunum árum og taka verður tillit til við endurskoðun laganna. |

*Sjá skýringar í upphafi umfjöllunar um 21 Háskólastig.

Markmið 2: Skilvirkara háskólakerfi í góðum tengslum við samfélag, önnur skólastig og atvinnulíf

| Mælikvarðar | Viðmið 2017 | Árangur 2017 |
|---|----------------------|--------------------------------|
| Hlutfall umsókna um rannsóknarstyrki í opinbera samkeppnissjóði með a) aðkomu tveggja eða fleiri innlendra háskóla eða b) innlendra háskóla og stofnana eða fyrirtækja, af heildarfjölda umsókna | Fer eftir stöðu 2016 | *Upplýsingar liggja ekki fyrir |
| Hlutfall brautskráðra af fagháskólanámsbrautum af heildarfjölda brautskráðra í háskólum | Fer eftir stöðu 2016 | *Fallið var frá mælikvarða |

| Árabil aðgerðar | Aðgerð | Framkvæmt 2017 |
|-----------------|---|---|
| 2017 | Fyrirkomulagi Innviðasjóðs verður breytt. | Vinna hafin við vegvísi um rannsóknarinnviði og kortlagningu á rannsóknarinnviðum. Tvær skýrslur útgefnar. |
| 2017-2020 | Tilraunaverkefni verður sett af stað um fagháskólanám á grundvelli tillagna starfshóps og unnið nánar að útfærslu og skipulagi náms. | Tólf tilraunaverkefnum um fagháskólanám var hrint í framkvæmd á árinu með þátttöku allra háskóla á landinu. |

*Sjá skýringar í upphafi umfjöllunar um 21 Háskólastig.

Markmið 3: Bæta kennaramenntun og stuðla að aukinni nýliðun kennara í leik-, grunn- og framhaldsskólum

| Mælikvarðar | Staða 2015 | Viðmið 2017 | Árangur 2017 |
|--|--|--|--------------------------------|
| Fjöldi nýnema í kennaranámi á meistarastigi | | Mælikvarði skilgreindur og viðmið sett | *Upplýsingar liggja ekki fyrir |
| Hlutfall kennara yngri en 40 ára af heildarfjölda kennara á hverju skólastigi | 30% á leikskólastigi, 28% á grunnskólastigi og 24% á framhaldsskólastigi | 30% á leikskólastigi, 28% á grunnskólastigi og 24% á framhaldsskólastigi | *Fallið var frá mælikvarða |

Árabil aðgerðar

Aðgerð 2017

Framkvæmt 2017

2017-2018

Setja stefnu um eflingu kennaramenntunar til framtíðar, í samráði við hagsmunaaðila og í framhaldinu aðgerðaáætlun. Breyta lögum um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda nr. 87/2008. Endurskoða reglugerð um inntak menntunar leik-, grunn- og framhaldsskólakennara.

Greining á stöðu og horfum um nýliðun kennara á öllum skólastigum og samráð við hagsmunaaðila um leiðir til að fjölga kennaranemum hófst.

*Sjá skýringar í upphafi umfjöllunar um 21 Háskólastig.

21.2 Rannsóknarstarfsemi á háskólastigi

Undir málaflokkinn falla Raunvísindastofnun, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum og Stofnun rannsóknarsetra Háskóla Íslands auk átta rannsóknar-, fræða- og þekkingarsetra á landsbyggðinni.

Starfsemi í málaflokknum er ætlað að stuðla að grunn-, nytja- og þjónusturannsóknnum og miðlun þekkingar á rannsóknarsviðum stofnananna. Henni er einnig ætlað að

efla rannsóknarstarfsemi um allt land og tengsl stofnana við nærumhverfi og atvinnulíf.

Árið 2017 voru markmið og aðgerðir í málaflokki 21.1 Háskólar leiðandi fyrir úthlutanir á þessu sviði.

21.3 Stuðningur við námsmenn

Undir málaflokkinn falla lög um Lánasjóð íslenskra námsmanna nr. 21/1992 (LÍN) og er megintilgangur þeirra að tryggja tækifæri til náms óháð efnahag.

22 Önnur skólastig og stjórnsýsla mennta- og menningarmála

22.1 Leikskóla- og grunnskólastig

Í fjárlögum ársins 2017 voru skilgreind þrjú markmið fyrir málaflökk 22.1 Leikskóla- og grunnskólastig. Eftirfarandi markmið málaflöksins miða að því að leggja grundvöll að virkri þátttöku leikskóla- og grunnskólanemenda í lýðræðissamfélagi og þeir séu vel undirbúnir fyrir áframhaldandi nám.

Markmið 1: Fleiri grunnskólanemendur hafi við lok grunnskóla náð lágmarksviðmiðum í lestri. Lesskilningur er mikilvæg forsenda þess að nemendur geti fótað sig í samfélaginu og tekist á við áframhaldandi nám. Sérstaklega ber að gæta að niðurstöðum PISA-rannsókna um töluverðan kynjamun og stöðu nemenda af erlendum uppruna.

Markmið 2: Bæta þjónustu og aðgengi að leik- og grunnskólanámi svo hæfi getu og þörfum hvers og eins. Allir nemendur eiga rétt á gæðamenntun og að komið sé til móts við námslegar og félagslegar þarfir þeirra.

Markmið 3: Bæta aðgengi nemenda á skólaskyldualdri að fjölbreyttu og vönduðu námsefni. Mikilvægt er að framboð á námsefni hæfi mismunandi kennsluháttum og ólíkum nemendum, þ.m.t. rafrænt námsefni og námsefni á táknmáli.

Markmið 1: Fleiri grunnskólanemendur hafi við lok grunnskóla náð lágmarksviðmiðum í lestri

| Mælikvarðar | Staða 2012 | Viðmið 2017 | Árangur 2017 |
|--|---------------------------------|---|--|
| PISA-rannsókn í lesskilningi , hlutfall sem hefur náð 2. stigi eða hærra og greint eftir kynjum | 79%; 70% drengja og 88% stúlkna | PISA könnun er gerð á þriggja ára fresti og niðurstöður fyrir árið 2015 verða birtar í lok árs 2016 | *2015: 78%; 71% drengja og 84% stúlkna |
| PISA-rannsókn í lesskilningi fyrir nemendur af erlendum uppruna | 50 stigum lakari en annarra | PISA könnun er gerð á þriggja ára fresti og niðurstöður fyrir árið 2015 verða birtar í lok árs 2016 | *2015: Hlutfall nemenda sem ná 2. stigi eða hærra; 43,1% |
| Hlutfall nemenda sem hefur náð viðmiðum skv. samræmdum prófum | | Fer eftir stöðu á skólaárinu 2016-2017 | **Hlutfall nemenda sem náðu B eða hærra: 50% 9. bekkina, 53% 10. bekkina |

| Árabil aðgerðar | Aðgerð | Framkvæmt 2017 |
|-----------------|---|--|
| 2017-2020 | Efla ráðgjöf, stuðning og starfsþróun í skólum. Búa til skimunarpróf fyrir grunnskóla auk þess að breyta inntaki samræmdra könnunarprófa. Samtökin Heimili og skóli auki vitund foreldra um ábyrgð þeirra á læsi barna sinna. | Teknar saman og birtar áreiðanlegar upplýsingar um stöðu og framfarir allra grunnskólanemenda í lestri. Samningar gerðir um endurgjaldslausla almenna notkun ýmissa lestrarprófa í leik- og grunnskólum. Heimili og skóli innleiddi læsissáttmála. |
| 2017-2018 | Auka stuðning við nemendur af erlendum uppruna , m.a. með mótun samræmds leiðarvísis fyrir móðurmálskenndu á leik- og grunnskólastigi. | Aðgerðin var færð til ársins 2018. |

*PISA-rannsóknir eru einu alþjóðlegu samanburðarmælingarnar á frammistöðu menntakerfisins sem fram fer hér á landi og sem gefur áreiðanlegar og sambærilegar upplýsingar um þróun yfir tíma. PISA er gagnlegur mælikvarði þó að ekki sé unnt að birta niðurstöður árlega.

**Á árinu 2017 voru samræmd könnunarpróf haldin bæði í 9. og 10. bekk þar sem verið var að innleiða breytingar í þá veru að framvegis verða prófin haldin að vori í 9. bekk.

Markmið 2: Bæta þjónustu og aðgengi að leik- og grunnskólanámi svo hæfi getu og þörfum hvers og eins

| Mælikvarðar | Staða | Viðmið 2017 | Árangur 2017 |
|--|---|---------------------------------------|--|
| Hlutfall grunnskóla þar sem nemendur hafa aðgang að þjónustu náms- og starfsráðgjafa | 2014: 67% | 70% | Upplýsingar liggja ekki fyrir |
| Hlutfall kennara í leik- og grunnskólum af starfsfólki við kennslu og umönnun | 2015: 33,8% í leikskólum og 95,5% í grunnskólum | 36% í leikskólum og 96% í grunnskólum | *2016: 29% í leikskólum 2017: 91,4% í grunnskólum |

| Árabil aðgerðar | Aðgerð 2017 | Framkvæmt 2017 |
|-----------------|---|---|
| 2017-2020 | Skilgreina mælikvarða um nám án aðgreiningar og setja viðmið á grundvelli niðurstaðna úr úttekt Evrópumíðstöðvar um nám án aðgreiningar og sérþarfir. | Úttektin birt og samstarfsyfirlýsing fjölda aðila undirrituð. Stofnaður stýrihópur með fulltrúum allra hlutaðeigandi til að fylgja eftir aðgerðaáætlun stjórnvalda. |
| 2017-2020 | Kanna framkvæmd skólaþjónustu og hafa eftirlit með að niðurstöðum sé fylgt eftir. | **Fallið frá aðgerð vegna breytinga á markmiði. |
| 2017-2020 | Kanna þjónustu náms- og starfsráðsgjafa í grunnskólum og bregðast við í samræmi við niðurstöður. | Aðgerðin var færð til ársins 2018. |

*Hagstofa Íslands birtir upplýsingar um hlutfall kennara í leikskólum í annarri viku septembermánaðar ár hvert. Upplýsingar fyrir árið 2017 voru ekki tiltækar við gerðársskýrslunnar og því birtur árangur á árinu 2016.

**Markmiði um bættu þjónustu og aðgengi að leik- og grunnskólanámi svo hæfi getu og þörfum hvers og eins hefur verið breytt, m.a. vegna ábyrgðar sveitarfélaga á þjónustu. Þetta hafði í för með sér að í stað mælikvarða um hlutfall starfandi kennara í leik- og grunnskólum var settur nýr mælikvarði og hætt við eina aðgerð.

Markmið 3 Bæta aðgengi nemenda á skólaskyldualdri að fjölbreyttu og vönduðu námsefni

| Mælikvarðar | Staða 2015 | Viðmið 2017 | Árangur 2017 |
|--|------------|-------------|--------------|
| Fjöldi titla fyrir nemendur sem nota táknmál | 5 | 34 | 5 |
| Hlutfall prentaðs og útgefins námsefnis, sbr. aðalnámskrá grunnskóla | 31% | 45% | *40% |
| Hlutfall prentaðs efnis sem er aðgengilegt á stafrænu formi, fyrir öll námssvið grunnskólans | 17% | 30% | **67,5% |

Árabil aðgerðar**Aðgerð 2017****Framkvæmt 2017**

2017-2018

Fjölga námsgögnum sem eru gefin út í samræmi við aðalnámskrá, þar með talið stafrænum námsgögnum og námsgögnum fyrir nemendur sem nota táknaál.

Endurnýjaðir 150 útgáfusamningar sem fela í sér heimild til rafrænnar birtingar á prentuðu námsefni. Allt nýtt, útgefið prentað efni jafnóðum gefið út rafrænt. Þýðing á táknaál, upptaka efnis og þróun á framsetningu.

*Tímabundið hefur dregið úr fjölda útgefins námsefnis vegna endurskipulagningar Menntamálastofnunar, sem ber ábyrgð á útgáfu námsefnis, og breytinga á útgáfuferli. Aukin áhersla hefur verið lögð á innleiðingu og kynningu efnis til að koma til móts við mikla eftirspurn frá kennurum.

**Hlutfall prentaðs efnis sem er aðgengilegt á stafrænu formi var nokkuð umfram viðmið. Munar þar mikið um eldra efni sem sett hefur verið á vef. Forsenda þess að hægt sé að gefa námsefni út á rafrænu formi er að samningar við höfundu feli í sér ákvæði um rafræna birtingu og hafði endurnýjun samninga í för með sér að mikill fjöldi titla var birtur á vef. Eins er nú allt nýtt efni gefið út á rafrænu formi samhliða prentuðum útgáfum.

22.2 Framhaldsfræðsla og menntun óflokkuð á skólastig

Í fjárlögum ársins 2017 var skilgreint eitt markmið fyrir mála-flokk 22.2 Framhaldsfræðsla og menntun óflokkuð á skólastig. Eftirfarandi markmið málaflokksins miðar að því að auka hæfni nemenda til þátttöku í samfélaginu og á vinnumarkaði og greiða leið þeirra til formlegrar menntunar.

Markmið 1: Lækka hlutfall fólks á vinnumarkaði án viðurkenndrar starfs- eða framhaldsskólamenntunar. Mikilvægt er að greiða leið fullorðinna einstaklinga að formlegri menntun og auka starfshæfni þeirra. Hlutfalls fólks á vinnumarkaði án formlegrar menntunar hefur verið hátt á Íslandi í samanburði við þau lönd sem við berum okkur helst við.

Markmið 1 Lækka hlutfall fólks á vinnumarkaði án viðurkenndrar starfs- eða framhaldsskólamenntunar

| Mælikvarðar | Staða 2015 | Viðmið 2017 | Árangur 2017 |
|---|------------|-------------|--------------|
| Hlutfall fólks á vinnumarkaði án viðurkenndrar starfs- eða framhaldsskólamenntunar | 29,2% | <27% | 20% |
| Hlutfall fólks á vinnumarkaði án viðurkenndrar starfs- eða framhaldsskólamenntunar sem sækir nám innan framhaldsfræðslu | 7,6% | >8,5% | 8,3% |

Árabil aðgerðar**Aðgerð****Framkvæmt 2017**

2017-2018

Endurskoða og fjölga vottuðum námskrám, í samráði við hagsmunaaðila, samhliða endurskoðun laga um framhaldsfræðslu nr. 27/2010.

Stofnaður samráðshópur fjölda aðila sem er vettvangur fyrir samráð og umræður. Vinnuvefur var settur upp fyrir samráðshópinn. Alls voru 10 nýjar námskrár vottaðar.

22.3 Stjórnsýsla mennta- og menningarmála

Stjórnarmálefni mennta- og menningarmálaráðuneytisins skiptast milli 17 málaflokka. Kveðið er á um heimildir og skyldur ráðherra í almennum lögum og 45 sérlægum.

Árið 2017 voru markmið og aðgerðir í öðrum málaflokkum ráðuneytisins leiðandi fyrir starfsemi þess.

Yfirlit yfir ráðstöfun varsjóða

Varasjóðir málaflokka eru hugsaðir til þess að bregðast við ófyrirséðum útgjöldum og rekstrarvanda á einstökum liðum innan viðkomandi málaflokks. Ákveðið hefur verið að setja upp varasjóði í málaflokkum þar sem talinn er möguleiki á rekstrarlegri áhættu einstakra liða innan hans. Fjárveiting í varasjóð fyrir hvern málaflokk skal nema að hámarki 2% af

heildarfjárheimildum. Ráðuneytið var á árinu 2017 með níu varasjóði og fylgjandi er yfirlit yfir stöðu þeirra í árslok ásamt skýringum á ráðstöfun úr þeim sjóðum sem greitt var úr að gefnu tilefni; þ.e. 7.1 samkeppnissjóðir í rannsóknum og 21.1 háskólar.

| 7.1 Samkeppnissjóðir í rannsóknum | Upphæð í m.kr. |
|-----------------------------------|----------------|
| Staða varasjóðs í upphafi árs | 12,3 |
| 02-231 Rannsóknamiðstöð Íslands | 0,8 |
| Staða varasjóðs í lok árs | 11,5 |

Rannsóknamiðstöð Íslands sér um rekstur Landskrifstofu Erasmus+ í umboði ráðuneytisins. Stofnunin fékk 0,8 m.kr. úr varasjóði málaflokks 7.1 Samkeppnissjóðir í rannsóknum til að hún fengi að fullu greitt umsamið framlag ársins 2017 vegna verkefnisins.

| 18.1 Safnamál | Upphæð í m.kr. |
|----------------------------------|----------------|
| Staða varasjóðs í upphafi árs | 0,3 |
| Staða varasjóðs í lok árs | 0,3 |

| 18.2 Menningarstofnanir | Upphæð í m.kr. |
|----------------------------------|----------------|
| Staða varasjóðs í upphafi árs | 10,7 |
| Staða varasjóðs í lok árs | 10,7 |

| 18.3 Menningarsjóðir | Upphæð í m.kr. |
|----------------------------------|----------------|
| Staða varasjóðs í upphafi árs | 8,1 |
| Staða varasjóðs í lok árs | 8,1 |

| 19.2 Íþróttá- og æskulýðsmál | Upphæð í m.kr. |
|----------------------------------|----------------|
| Staða varasjóðs í upphafi árs | 2,1 |
| Staða varasjóðs í lok árs | 2,1 |

| 20.1 Framhaldsskólar | Upphæð í m.kr. |
|----------------------------------|----------------|
| Staða varasjóðs í upphafi árs | 135 |
| Staða varasjóðs í lok árs | 135 |

| 21.1 Háskólar | Upphæð í m.kr. |
|--------------------------------------|----------------|
| Staða varasjóðs í upphafi árs | 106,7 |
| 02-228 Listaháskóli Íslands | 60 |
| 02-227 Háskólinn í Reykjavík | 28 |
| 02-217 Hólaskóli – Háskólinn á Hólum | 18,7 |
| Staða varasjóðs í lok árs | 0 |

Listaháskóli Íslands fékk 60 m.kr. úr varasjóði vegna bráðavanda sviðslistadeildar skólans. Núverandi húsnæði við Sölvhólgötu er illa farið vegna raka, hentar starfsemi illa og er auk þess á niðurrifsreit. Til að bæta úr ástandinu verður útbúin aðstaða fyrir deildina í Laugarnesi þar sem hluti af starfsemi skólans er nú þegar.

Háskólinn í Reykjavík fékk 28 m.kr. úr varasjóði vegna fagháskóla-verkefnis. Kostnaður skólans vegna verkefnisins var 51,1 m.kr. en í fjárlögum 2017 var gert ráð fyrir 23,1 m.kr. til skólans til þess. Framlagið var til að mæta breyttum forsendum sem urðu til þess að kostnaður varð meiri.

Hólaskóli – Háskólinn á Hólum fékk 18,7 m.kr. úr varasjóði vegna aukinnar rannsóknastarfsemi og viðbótarstöðugildis prófessors. Framlagið var til að mæta auknum kostnaði.

| 21.2 Rannsóknastarfsemi á háskólastigi | Upphæð í m.kr. |
|--|----------------|
| Staða varasjóðs í upphafi árs | 7,3 |
| Staða varasjóðs í lok árs | 7,3 |

| 22.3 Stjórnsýsla mennta- og menningarmála | Upphæð í m.kr. |
|---|----------------|
| Staða varasjóðs í upphafi árs | 6,9 |
| Staða varasjóðs í lok árs | 6,9 |


Frávikagreining og yfirlit yfir árslokastöðu ríkisaðila

Alls voru 106 fjárlagaliðir á ábyrgð ráðuneytisins fjárlagaárið 2017. Þar af voru 52 stofnanir en aðrir fjárlagaliðir, s.s. sjóðir, safnliðir og varasjóðir voru 54. Verkefni þeirra liða skiptast á 16 málaflokka á sex málefnasviðum.

Í eftirfarandi umfjöllun er gerð nánari grein fyrir frávikum einstakra liða eftir því sem ástæða er til. Myndirnar sýna stöðu fjárlagaliða eftir árið, grænu súlurnar sýna afgang (þrátt fyrir

að tölurnar séu í mínus) og rauðu súlurnar sýna halla ár rekstri. Tölurnar eru í milljónum króna. Ef frávik er innan 4% af rekstri þá er yfirlétt ekki talin ástæða til sérstakra skýringa því ýmsar eðlilegar ástæður geta verið á frávikum af slíkri stærðargráðu. Hafa verður í huga að tölur sem gefnar eru upp í krónum gefa ekki endilega rétta mynd af stöðu liðanna vegna þess að reksturinn er mjög mismunandi að umfangi.

Uppsöfnuð frávik/áætluð árslokastaða ríkisaðila og verkefna í málaflokki 7.1




- 02985 Rammaáætlanir ESB um menntun, rannsóknir og tækniþróun
- 02238 Innviðasjóður
- 02236 Rannsóknasjóður
- 02235 Markáætlun á sviði vísinda og tækni

Í málaflokki 7.1 Samkeppnissjóðir í rannsóknum eru fjórir sjóðir. Afgangi og halla á þessum liðum verður að taka með fyrirvara þar sem sjóðirnir velta fjármunum milli ára og framlög og gjöld dreifast ekki jafnt innan ársins. Markáætlun á sviði vísinda og

tækni er sjóður sem fjármagnaður er af ríkissjóði en úthlutað er úr honum á þriggja ára fresti og þess vegna var afgangur af honum í lok ársins 2017. Hallinn á rammaáætlunum er tilkominn vegna gengisþróunar innan ársins.

Uppsöfnuð frávik/áætluð árslokastaða ríkisaðila og verkefna í málafnafsviði 18




- 02999 Ýmislegt
- 02998 Varasjóðir málaflokka
- 02994 Samningar og styrkir til starfsemi menningarstofnana
- 02993 Stofnkostnaður menningarstofnana
- 02989 Samningar og styrkir til íþróttamála
- 02988 Samningar og styrkir til æskulýðsmála
- 02986 Styrkir til uppbyggingar landsmótsstaða
- 02983 Ýmis fræðistörf
- 02982 Samningar og styrkir á sviði lista og menningar
- 02981 Kvikmyndamiðstöð Íslands
- 02980 Verkefnasjóðir
- 02978 Launasjóðir listamanna
- 02974 Sinfóníuhljómsveit Íslands
- 02973 Þjóðleikhúsið
- 02972 Íslenski dansflokkurinn
- 02968 Stofnkostnaður safna
- 02965 Harpa, tónlistar- og ráðstefnuhús í Reykjavík
- 02920 Samningar og styrkir til starfsemi safna
- 02919 Söfn og menningarminjar
- 02918 Safnasjóður
- 02917 Húsafríðunarsjóður
- 02916 Fornminjasjóður
- 02915 Minjastofnun Íslands
- 02913 Gljúfrasteinn – Hús skáldsins
- 02911 Náttúruminjasafn Íslands
- 02909 Hljóðbókasafn Íslands
- 02908 Kvikmyndasafn Íslands
- 02907 Listasafn Íslands
- 02906 Listasafn Einarssonar
- 02905 Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn
- 02903 Þjóðskjalasafn Íslands
- 02902 Þjóðskjalasafn Íslands

Á málefnsviði 18 Menning og listir eru 32 liðir. Varasjóður fyrir alla málaflokka er hýstur á þessu málefnsviði þótt greiðslur rennir til annarra verkefna. Á öllum liðum, nema tveimur, er


afgangur eftir árið. Húsafríðunarsjóður skilar lítilsháttar halla eftir árið sem mun jafnast út á komandi fjárlagaári.

Uppsöfnuð frávik/áætluð árslokastaða ríkisaðila og verkefna í málefnsviði 19



Stofnanir á málefnsviði 19 Fjölmiðlun eru í jafnvægi.


Uppsöfnuð frávik/áætluð árslokastaða ríkisaðila og verkefna í málefnsviði 20



Á málefnaviði 20 Framhaldsskólastig eru 37 liðir. Á mál-efnaviðinu eru 27 opinberir framhaldsskólar og standa þeir flestir vel eftir árið og í heildina skilar málefnaviðið afgangi. Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ, Flensborgarskóli

og Menntaskólinn við Sund hafa allir glímt við rekstrarerfiðleika síðustu misseri. Þeir starfa nú allir eftir aðgerðaáætlunum sem miða að því að ná jafnvægi í rekstrinum. Rekstur allra skólanna horfir nú til betri vegar.


Uppsöfnuð frávik/áætluð árslokastaða ríkisaðila og verkefna í málefnaviði 21



Á málefnaviði 21 Háskólar eru 14 liðir, þar með taldir 7 háskólar, þrjár rannsóknarstofnanir og Lánasjóður íslenskra námsmanna. Hafa verður sama fyrirvara á þessari mynd og gerður var við töflu 2 í kafla 3. Vegna breytinga á framsetningu fjárfestingaframlaga myndast skekkja sem hefur sérstaklega áhrif á rekstrarniðurstöðu Háskóla Íslands. Í raun sýnir þessi staða verri niðurstöðu en raunin var á fyrir allt háskólastigið. Til nánari skýringa þá sýnir tafla 2 aðeins rekstur, en á þessari mynd eru bæði rekstur og fjárfestingar. Þess vegna er erfitt að

bera þetta tvennt saman og tilgreina nákvæmlega hvar misræmið liggur. Samkvæmt þessu yfirliti er það helst Háskólinn á Hólum sem skilar halla, en stofnunin hefur glímt við rekstrarerfiðleika. Halli skólans hefur farið minnkandi en þrátt fyrir aðhaldsaðgerðir undanfarinna ára hefur ekki náðst að stöðva hallareksturinn. Skólinn er lítill og reksturinn er viðkvæmur fyrir ófyrirséðum aðstæðum. Ráðuneytið hefur brugðist við þessari stöðu með því að hækka framlög til skólans, ekki síst til að styrkja stoðþjónustu hans.

Uppsöfnuð frávik/áætluð árslokastaða ríkisaðila og verkefna í málefnaviði 22



Á málefnasviði 22 Önnur skólastig og stjórnsýsla mennta- og menningarmála eru 15 liðir. Flestir liðir standa vel. Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarkertra glímir við rekstrarvanda og hjóp ráðuneytið undir bagga með stofnuninni í árslok. Stofnunin reiðir sig mikið á sértekjur til að fjármagna starfsemina og eru helstu viðskiptavinir hennar opinberar stofnanir svo sem framhaldsskólar. Eftirspurn eftir þjónustu frá stofnunum getur sveiflast mjög mikið milli ára.